

Stjórnarfundur FEB nr. 458

Stangarhyl 4, fimmtudaginn 25. mars 2021 kl. 09:30

Mætt: Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður; Kári Jónasson, Sigurbjörg Gísladóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Viðar Eggertsson og Ólafur Örn Ingólfsson aðalmenn; og varamennirnir Finnur Birgisson og Sverrir Örn Kaaber.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri.

Fjarverandi voru Róbert Þ. Bender aðalmaður og Haukur Arnþórsson varamaður.

Formaður setti fund og bar upp fundargerð síðasta fundar, sem var samþykkt.

Dagskrá:

1. Aðalfundur FEB

Samþykkt vegna nýrra samkomutakmarkana að fresta fyrirhuguðum aðalfundi sem vara átti 15. apríl til 20. apríl.

Samþykkt að halda næsta stjórnarfund 8. apríl.

2. Félagslífið

- Góður skriður var kominn á félagslífið og félagsmiðstöðin iðaði orðið af lífi alla daga, en nú hefur enn þurft að skella að mestu í lás aftur vegna faraldursins.

- Félagstíðindi fóru í dreifingu fyrir 35 ára afmæli FEB þann 15. mars.

- Afsláttarbókin er á lokastigi vinnslu og verður væntanlega til strax eftir páska.

3. Framkvæmda- og aðgerðahópur eldri borgara

Unninn hefur verið einblöðungur með fimm áhersluatriðum eldra fólks vegna komandi alþingiskosninga. Honum verður dreift til stjórnámálanna og fylgt eftir með fundum með þeim stjórn málaöflum sem munu bjóða fram til Alþingis.

4. Miðflokkurinn

Formaður sagði frá fundi sem flokkurinn átti með fulltrúum FEB um málefni eldra fólks, að beiðni flokksins.

5. Sózialistaflokkurinn

Formaður sagði frá fundi sem flokkurinn átti með fulltrúum FEB um málefni eldra fólks, að beiðni flokksins.

6. LEB – stefnumótunarfundur

Formaður sagði fyrirhuguðum stefnumótunarfundi stjórnar LEB sem átti að halda síðar sama daginn, en hefði enn verið frestað vegna sóttvarnarákvæða.

7. LEB – landsfundur

Landsfundur LEB 2021 verður 26. maí og haldinn á Hótel Selfossi.

Viðar minnti á mikilvægi þess að FEB fari að huga að vali landfundarfulltrúa, en FEB á rétt á um hálfum fimmta tug og varamanna þeirra. Tilkynna þarf þá í síðasta lagi hálfum mánuði fyrir landsfund LEB.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "O.Ö.", "S.G.", "V.E.", and "1".

8. Leigufélag aldraðra

Ólafur Örn sagði frá því að fyrsta skóflustunga hefði verið tekin á dögnum af væntanlegum byggingum leiguíbúða fyrir eldra fólk, af honum, formanni FEB Ingibjörgu H. Sverrisdóttur, félagsmálaráðherra Ásmundi Einari Daðasyni og borgarstjóra Degi B. Eggertssyni á byggingarlóðinni á Sjómannaskólareitnum. Vefsíða mun brátt verða opnuð með upplýsingum um leiguíbúðirnar sem eiga að verða tilbúnar 2023.

9. Þingvangur og Köllunarklettslóð

Formaður kynnti að byggingafyrirtækið Þingvangur hefur fengið jákvæða umsögn skipulagsyfirvalda borgarinnar að á Köllunarklettslóð geti risið fjölbreyttir búsetukostir fyrir eldra fólk og jafnvel einnig hjúkrunarheimili í fyllingu tímans.

10. Kjaranefnd FEB

Finnur sagði frá fundi sem kjaranefnd hefur átt með fulltrúum tekujusagan.is. Þá voru þingmál rædd sem óskað hefur verið eftir umsögnum frá FEB. Sigurbjörg tekur að sér að skrifa umsögn um eitt þeirra, öðrum vísað til kjaranefndar til vinnslu.

11. Ársreikningar

Ársreikningar eru svo gott sem tilbúnir. Framkvæmdastjóri kynnti þá, en vildi fara yfir örfá óvissuatriði áður en þeir yrðu frágengnir til undirskriftar.

12. Önnur mál

Engin.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.
Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson

Ingibjörg H. Sverrisdóttir
Ingibjörg Guðadóttir
Ólafur Daðasyni
Ólafur Eggertsson
Ólafur Eggertsson
Ólafur Eggertsson
Ólafur Eggertsson
Ólafur Eggertsson
Ólafur Eggertsson